

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/91****2023/EES/8/55****frá 21. janúar 2022**

um skilgreiningu á viðmiðunum til að ákvarða að við siglingu skips falli til minna magn af úrgangi og að úrganginum sé stjórnað á sjálfbæran og umhverfisvænan hátt í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/883 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/883 frá 17. apríl 2019 um móttökuaðstöðu í höfnum til afhendingar úrgangs frá skipum, um breytingu á tilskipun 2010/65/ESB og um niðurfellingu tilskipunar 2000/59/EB ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 8. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í þeim tilgangi að lækka gjöldin sem kveðið er á um í 4. mgr. 8. gr. tilskipunar (ESB) 2019/883 ætti að nota viðmiðanirnar í viðaukanum.
- 2) Viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. lið viðaukans endurspeglar nauðsynlegt átak til að draga úr úrgangi. Þess vegna ættu þær að vera skyldubundnar.
- 3) Viðbótarviðmiðanirnar sem settar eru fram í 2. þætti viðaukans er hægt að nota til að hvetja til notkunar tiltekinna starfshátta og búnaðar sem geta einnig komið að gagni til að draga úr úrgangi. Því ættu þessar viðmiðanir að vera valkvæðar.
- 4) Nauðsynlegt er að aðildarríki beiti samræmdum aðferðum við að skapa samræmd skilyrði fyrir beitingu lækkunar á gjöldum sem sett er fram í 5. mgr. 8. gr. tilskipunar (ESB) 2019/883. Framkvæmdargerðir, sem eru samþykktar samkvæmt tilskipun (ESB) 2019/883, ættu því að vera á formi framkvæmdarreglugerða.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Móttökuaðstaða í höfnum eða hafnaryfirvöld skulu taka tilliti til viðmiðananna sem settar eru fram í 1. þætti viðaukans við útreikning á lækkun gjalda í samræmi við b-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. 8. gr. tilskipunar (ESB) 2019/883.
2. Móttökuaðstöðu í höfnum eða hafnaryfirvöldum er heimilt að taka tilliti til viðmiðananna sem settar eru fram í 2. þætti viðaukans við útreikning á lækkun gjalda í samræmi við b-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. 8. gr. tilskipunar (ESB) 2019/883.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 15, 24.1.2022, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 340/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(¹) Stj. 151, 7.6.2019, bls. 116.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. janúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

1. ÞÁTTUR

Skrá yfir skyldubundnar viðmiðanir sem um getur í 1. mgr. 1. gr.

Viðmiðanir	Tengdir þættir	Tengdur viðauki við MARPOL-samninginn	Hugsanleg sannprófun ⁽¹⁾
Flokkun um borð í samræmi við ályktun MEPC.295(71) og tryggð afhending til viðunandi móttökuaðstöðu í höfn sem uppfyllir ákvæði d-liðar 2. mgr. 4. gr. tilskipunar (ESB) 2019/883.	Rekstur og stjórnun	V. viðauki	Green Award, ISO 21070, Blái engillinn, Green Marine, kvittun fyrir afhendingu úrgangs, áætlun um meðferð sorps sem er bundin við tiltekið skip og flokkunarfélag skipsins viðurkennir, ISO 14001 umhverfisstjórnunarkerfi.
Umhverfislega sjálfbærar innkaupastefnur (umbúðaefni minnkað, t.d. utan um stórar einingar, og sneitt hjá notkun einnota plasts)	Stjórnun	V. viðauki	Green Award, ISO 21070, Blái engillinn, Green Marine, áætlun um meðferð sorps sem er bundin við tiltekið skip og flokkunarfélag skipsins viðurkennir, ISO 14001 umhverfisstjórnunarkerfi.

⁽¹⁾ Heimilt er að samþykkja viðbótaráætlanir sem hægt er að nota til að sýna fram á að skip fari að viðmiðunum.

2. ÞÁTTUR

Skrá yfir valkvæðar viðmiðanir sem um getur í 2. mgr. 1. gr.

Viðmiðanir	Tengdir þættir	Tengdur viðauki við MARPOL-samninginn	Hugsanleg sannprófun ⁽¹⁾
Notkun á óhefðbundnu eldsneyti ⁽²⁾ og öðrum orkugjöfum í siglingu til viðkomu-hafnar eða við bryggju (t.d. rafmagn frá landi, vindorka, sólarorka)	Hönnun skipa, tækni og rekstur	I. viðauki	Green Award, afhendingarseðlar fyrir skipaeldsneyti, olíudagbók, flokkunarfélagsskírteini eða lögboðið skírteini, stjórnunarkerfi fyrir orkunýtni skipa (SEEMP).
Notkun á hvítkassakerfi (e. <i>White Box System</i>) < 5 ppm (til að stjórna og vakta losun kjölvatns frá skipinu)	Tækni og rekstur	I. viðauki	Flokkunarfélagsskírteini, gerðarviðurkenningarskjöl
Olúvatnsskilja < 5 ppm	Tækni og rekstur	I. viðauki	Flokkunarfélagsskírteini, gerðarviðurkenningarskjöl, Green Award, Clean Shipping Index (CSI), Green Marine, Blái engillinn
Olúvatnsskilja < 5 ppm + viðvörunarkerfi og sjálfvirk stöðvun fyrir skip < 10 000 GT	Tækni og rekstur	I. viðauki	Flokkunarfélagsskírteini, gerðarviðurkenningarskjöl, Green Award, Clean Shipping Index, Green Marine, Blái engillinn

Skipið notar ekki olíusúbúnað fyrir losun en flokkar allt kjölvatn og sora og losar þau síðan í móttökuaðstöðu í höfn	Rekstur	I. viðauki	Olíudagbók, kvittanir fyrir úrgangi
Skólphreinsikerfi í samræmi við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MEPC.227(64) fyrir öll skip nema farþegaskip sem sigla um sérstök hafsvæði sem falla undir IV. viðauka við MARPOL-samninginn	Tækni, rekstur og stjórnun	IV. viðauki	ESB-samræmisýfirlýsing í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/90/ESB ⁽³⁾ eða flokkunarfélags-skírteini. Þar að auki reglubundin sannprófun óháðs sannprófanda á notkun.
Skipið losar ekkert skólpi í hafið og skilar öllu ómeðhöndluðu og/eða meðhöndluðu skólpi og/eða skólpeðju til móttökuaðstöðu í höfn	Rekstur	IV. viðauki	Kvittanir fyrir úrgangi
Endurnotkun og endurvinnsla um borð	Rekstur og stjórnun	V. viðauki	ISO 21070, Green Marine, ISO 14001 umhverfisstjórnunarkerfi.

(1) Heimilt er að samþykkja viðbótaráætlanir sem hægt er að nota til að sýna fram á að skip fari að viðmiðununum.

(2) Eins og er skilgreint í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB frá 22. október 2014 um uppbyggingu grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti (Stjttð. ESB L 307, 28.10.2014, bls. 1).

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/90/ESB frá 23. júlí 2014 um búnað um borð í skipum og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB (Stjttð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 146).